


ÞITT ER VALIÐ UM ÁRAMÓT!

Opinn raforkumarkaður





Opinn raforkumarkaður

Nýir tímar renna upp í raforkumálum Íslendinga um næstu áramót. Þá geta landsmenn keypt rafmagn af þeim sem þeir kjósa helst, hvort sem er til atvinnurekstrar, heimilisnotkunar eða annarra hluta.

Í ársbyrjun 2005 var öllum stærri notendum, sem nota 100 kílóvött eða meira, veitt frelsi til að velja sér raforkusala. Nú er komið að því að allir aðrir hafi sama val og geti valið sér þann raforkusala sem þeir telja hagkvæmast og best að skipta við. Geri menn ekkert fá þeir rafmagnið áfram frá orkusalanum, sem þeir skipta við nú, en geta hins vegar hvenær sem er fært viðskiptin til annars raforkusala.

Upplýsingar um raforkuverð á Netinu

Upplýsingar um raforkuverð allra seljenda á markaðinum verður að finna á heimasíðu Neytendastofu, www.neytendastofa.is. Þar má nálgast yfirlit um gjaldskrár fyrirtækja, sem keppa á raforkumarkaðinum, og áætla á einfaldan hátt útgjöld vegna raforkunotkunar. Þannig verður hægt að sjá hvar hagkvæmast er að kaupa raforku hverju sinni.

Company	Price	Company	Price
...
...
...
...




Raforkuumhverfið 2005, fyrir breytingu

Raforkukaupendur hafa hingað til orðið að kaupa rafmagn af því orkufyrirtæki sem lagði dreifikerfi þar sem þeir búa. Notandi á svæði Orkubús Vestfjarða kaupir þess vegna rafmagn af því fyrirtæki, svo dæmi sé tekið.

Til áramóta 2004-2005 voru rafmagnsreikningar ekki sundurliðaðir. Innheimt voru í einu lagi gjöld fyrir framleiðslu rafmagns, flutning, dreifingu og sölu.

Verðmyndun heildarverðs raforkunnar fyrir breytingu






Raforkumhverfið 2006, eftir breytingu

Til að koma á samkeppni í raforkusölu þurfa raforkufyrirtæki að skilja í sundur starfsemi dreifiveitna og raforkusölu. Þá mun til dæmis notandi á Húsavík geta keypt rafmagn af Orkuveitu Reykjavíkur og notandi á höfuðborgarsvæðinu af Norðurorku eða öfugt, svo dæmi séu tekin. Dreifing raforku verður áfram háð einkaleyfi sem Orkustofnun hefur eftirlit með.

Eftir breytingu munu notendur, sem skipta um raforkusala, fá senda tvo rafmagnsreikninga í stað eins nú, annan fyrir dreifingu raforkunnar en hinn fyrir sjálfa notkunina. Aðrir notendur fá að líkindum áfram sendan einn rafmagnsreikning þar sem einstakir þættir viðskiptanna eru sundurliðaðir en greitt fyrir þá í einu lagi.

Verðmyndun heildarverðs raforkunnar eftir breytingu





Nýir notendur upplýstir sérstaklega um aukna samkeppni

Eftir að breytingin tekur gildi verður nýjum raforkukaupendum sérstaklega kynnt samkeppnin í raforkusölnunni þegar þeir óska eftir að tengja hús sín dreifikerfinu. Þetta á við um alla þá sem kaupa raforku í fyrsta sinn og þá sem ekki hafa keypt rafmagn undanfarna tólf mánuði eða lengur vegna dvalar erlendis eða af öðrum ástæðum.

Dreifiveitum verður skylt að gera nýjum notendum skýra grein fyrir rétti þeirra til að velja raforkusala. Þeir fá svo fjögurra vikna frest til að kynna sér það sem í boði er áður en samið er um rafmagnskaup.

Ef notandi semur ekki við raforkusala áður en tilskilinn frestur rennur út ber viðkomandi dreifiveitu að sjá honum fyrir rafmagni áfram en ofan á söluverðið leggst þá aukagjald.

Nýir notendur eiga því frá upphafi að vera meðvitaðir um frelsið á raforkumarkaðinum og vera þannig öðrum fremur drifkraftur virkrar samkeppni á þeim vettvangi.



Fáein lykilatriði

Hverjir bjóða rafmagn á frjálsum markaði í ársbyrjun 2006?

Hitaveita Suðurnesja, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins – RARIK og Rafveita Reyðarfjarðar.

Hvernig fylgist notandinn með rafmagnsverðinu á hverjum tíma?

Á heimasíðu Neytendastofu, www.neytendastofa.is, verður hægt að áætla kostnað vegna raforkunotkunar á einhverjum tilteknum tíma og bera saman mismunandi kjör sem kunna að vera í boði á markaðinum. Við útreikningana er tekið tillit til húshitunar með rafmagni og niðurgreiðslu húshitunar þar sem það á við.

Kostar eitthvað að skipta um raforkusala?

Nei, hvorki sölufyrirtækjum né dreifiveitum verður heimilt að innheimta gjald af notendum fyrir að skipta um raforkusala. Eina skilyrðið er að notandi segi upp raforkusölusamningi með tilteknum fyrirvara.



Verður hægt að semja um raforkukaup á Netinu?

Já, gert er ráð fyrir að heimilt verði að gera slíkan samning rafrænt að því tilskildu að hann sé staðfestur í kjölfarið með sannanlegum hætti.

Hvernig flytur notandi viðskipti sín frá einum raforkusala til annars?

Leiðbeiningar um flutning viðskipta frá einum raforkusala til annars verður að finna á heimasíðu Neytendastofu, www.neytendastofa.is, þegar nær dregur áramótum og breytingin tekur gildi.

Lækkar rafmagnsreikningur heimilanna við breytinguna um áramót?

Tíminn leiðir það í ljós en ætla má að samkeppni á raforkumarkaði hafi áhrif til lækkunar líkt og gerist gjarnan í viðskiptum af öðru tagi á samkeppnismarkaði. Markmið breytingarinnar er að svo verði.

Greiða allir notendur jafnmikið fyrir dreifingu raforku eftir áramót hvar á landinu sem þeir búa?

Nei, dreifingarkostnaðurinn er og verður mismunandi eftir landsvæðum. Samkeppnin tekur aðeins til framleiðslu og sölu en flutningur og dreifing raforku verða áfram háð einkaleyfi stjórnvalda undir eftirliti Orkustofnunar.

Útgefandi: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið

Umsjón og texti: Athygli

Hönnun og umbrot: Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Prentun: Litróf

Nóvember 2005